

6. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 29. júlí 2016 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, og Gunnar Dalkvist Bæ, sem varamaður.

Dagskrá;

1. Ráðning skólastjóra að Finnbogastaðaskóla.

1. Farið var yfir umsóknir um skólastjórastöðu við Finnbogastaðaskóla og að lokum greidd atkvæði um tvo umsækjendur.

Valgeir Jens Guðmundsson fékk eitt atkvæði, Helga Garðarsdóttir fékk 4 atkvæði. Haft verður samband við hlutaðeigandi til að ganga frá málum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:45.